

**Ed.**

**634. Frumvarp til laga**

**[231. mál]**

um Alþýðubankann h.f.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

**1. gr.**

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heiti Alþýðubankinn h.f. Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er hafi það að markmiði að efla atvinnuþróun og treysta atvinnuöryggi launafólks, svo og að styðja menningarlega og félagslega starfsemi verkafélagsshreyfingarinnar á Íslandi.

**2. gr.**

Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 40 milljónum króna. Alþýðusamband Íslands og verkafélagsfélög innan þess skulu safna innan sinna vébanda og leggja fram hlutafé að fjárhæð 40 milljónum króna.

Ábyrgðarmenn Sparisjóðs alþýðu skulu hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri fjárhæð núverandi hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Sparisjóðs alþýðu. Þessi réttur gildir í sex mánuði frá því að ábyrgðarmenn hafa með fundarsamþykkt ákveðið að leggja niður sparisjóðinn með þeim hætti, er segir í 4. gr.

Innan níu mánaða frá því að lög þessi taka gildi, skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins, en hafi ofangreindir aðilar þá eigi safnað tilskildu hlutafé, skal stjórn Sparisjóðs alþýðu bjóða út innanlands það, sem á vantar.

**3. gr.**

Heimili og varnarþing Alþýðubankans h.f. er í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú og umboðsskrifstofur, sbr. þó 10. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

**4. gr.**

Alþýðubankinn h.f. skal taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Sparisjóðs alþýðu og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Sparisjóðs alþýðu þá yfirtöku.

5. gr.

Stjórn félagsins (bankaráð) skal kosin á aðalfundi ár hvert. Skal hún skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

6. gr.

Stjórn félagsins ræður bankastjóra, einn eða fleiri, ákveður ráðningarkjör og setur bankastjóra erindisbréf.

7. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Í samþykktum og reglugerð skal setja nánari ákvæði um félagið og bankann. Skulu þar á meðal vera ákvæði um aukningu hlutafjár, aðilaskipti að hlutabréfum og endurskoðun á reikningum bankans (félagsins). Samþykktir og reglugerð bankans (félagsins) skulu vera háð staðfestingu viðskiptaráðherra.

8. gr.

Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningum og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærrí arð en sem nemur innlánsvöxtum af sparifé á almennum bókum, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu.

9. gr.

Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:

- a) Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
- b) Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
- c) Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.
- d) Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
- e) Að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.
- f) Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

10. gr.

Bankinn skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessi skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar bankans (bankaráðs), telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

11. gr.

Bankinn skal njóta sömu réttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. gr. laga nr. 11 frá 29. marz 1961.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Seinni hluta árs 1968 beindi stjórn Sparisjóðs alþýðu þeirri fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar, hvort hún væri reiðubúin að flytja stjórnarfrumvarp, er heimili breytingu sparisjóðsins í banka. Var í þessu sambandi vitnað til ummæla í nefndaráráli fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis í maí 1960 um frumvarp um stofnun Verzlunarbanka Íslands h. f. og ummæla forsætisráðherra við forseta Alþýðusambandsins í marz 1966.

Hinn 28. nóvember 1968 var stjórn sparisjóðsins tilkynnt í bréfi viðskiptaráðherra, að ríkisstjórnin væri reiðubúin að flytja slíkt frumvarp, enda væri þá gert ráð fyrir því, að væntanlegur banki myndi fullnægja þeim reglum, sem allir bankar verða að hlíta í lögum, sem sett verða, þar sem áskilið verður m.a. um hlutfall milli eigin fjár og skuldbindinga og að rekstur þeirra verði með þeim hætti, að þeir uppfylli ætíð eðlilegar kröfur um greiðslugetu og öryggi í rekstri.

Nú hefur heildarinnlánsfé við sparisjóðinn meir en tvöfaldast frá nóvember 1968 og var það í marzlok 1970 tæpar 110 millj. kr. Almenn bankalöggjöf hefur ekki verið sett, en frumdrög hennar eru í undirbúningi hjá Seðlabankanum. Undirbúningsstarf að slíkri lagasetningu er mjög viðamikilið og tekur verulegan tíma.

Stjórn Sparisjóðs alþýðu hefur nú eindregið óskað þess, að frumvarp verði lagt fyrir Alþingi um breytingu sparisjóðsins í banka. Með hliðsjón af forsögu málsins og eftir athugun á högum sparisjóðsins nú, hefur ríkisstjórnin ákveðið að verða við þeirri ósk.

Hefur frumvarpið verið undirbúið í samráði við forráðamenn sparisjóðsins og hafa þeir tjáð sig samþykka því í aðalatriðum, eins og það er hér flutt, en ákvæði þess eru hliðstæð þeim, sem gilda um Samvinnubanka Íslands h.f. og Verzlunarbanka Íslands h. f.

Lagt er til, að hlutafé bankans verði eigi minna en 40 milljónir króna. Er gert ráð fyrir því, að Alþýðusamband Íslands og verkalýðsfélög innan þess safni innan sinna vébanda þessu hlutafé, og í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög getur bankinn (félagið) ekki hafið starfsemi, fyrr en fjórðungur hlutafjár, þ. e. 10 milljónir króna, hefur verið greiddur.

Bankinn tekur að sjálfsögðu ekki til starfa, fyrr en samþykktir hlutafélagsins og væntanleg reglugerð hafa verið staðfestar af ráðherra.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þess að geta:

#### Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að bankanum sé valið hlutafélagsform, sem er hið almenna félagsform viðskiptabanka í einkaeign hérlendis sem og í nágrannalöndum. Stjórn Sparisjóðs alþýðu mun að sjálfsögðu hafa forgöngu um stofnun hlutafélagsins og hún hefur lagt fram drög að samþykktum og reglugerð, sem eru í athugun í viðskiptaráðuneytinu.

#### Um 2. gr.

Í almennum athugasemdum er gerð nokkur grein fyrir hlutafé og innborgunarskyldu.

Um hugsanlega aukningu hlutafjár verða ákvæði í samþykktum félagsins.

Í greininni eru ákvæði um það, hvernig haga skuli hlutafjársofnun. Er ráðgert, að Alþýðusamband Íslands og verkalýðsfélög innan þess safni innan sinna vébanda hlutafé að fjárhæð 40 milljónir króna.

Enn fremur er gert ráð fyrir því, að ábyrgðarmenn Sparisjóðs alþýðu skuli hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri fjárhæð hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Sparisjóðs alþýðu.

Fari svo, að ofangreindir aðilar hafa ekki tók eða hug á að skrifa sig fyrir þessu hlutafé, innan níu mánaða frá gildistöku laga þessara, skal stjórn Sparisjóðs alþýðu bjóða út innanlands það, sem á vantar.

#### Um 3. gr.

Þar sem talað er um útibú og umboðsskrifstofur í greininni, er að sjálfsögðu bæði átt við útibú og umboðsskrifstofur innan sem utan Reykjavíkursvæðisins.

Stofnun slíkra útibúa og umboðsskrifstofa verði háð sömu skilyrðum og aðrir bankar búa við, sem sett voru í 1. gr. laga nr. 10/1964, um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, þ. e. 10. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961.

Um 4. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að Alþýðubankinn h.f. komi að öllu leyti í stað Sparisjóðs alþýðu, og að bankinn fái réttindi og yfirtaki skuldbindingar sparisjóðsins. Felst í þessu að sjálfsögðu, að bankinn yfirtekur eign sparisjóðsins í Tryggingarsjóði sparisjóða og á sama hátt fer um aðrar innstæður í Seðlabankanum.

Samkvæmt greininni er nægilegt, að meiri hluti ábyrgðarmanna sparisjóðsins samþykki yfirtökuna.

Um 5. gr.

Í greininni eru fyrirmæli um kosningu aðalmanna og varamanna í stjórn félagsins.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um ráðningu bankastjóra, eins eða fleiri, samkv. ákvörðun stjórnar, svo og ráðningarkjör og erindisbréf bankastjóra.

Um 7. gr.

Samkvæmt þeirri venju, sem sköpuð hefur verið um áður nefnda hlutafélaga-banka, er gert ráð fyrir, að samþykktir félagsins verði háðar staðfestingu viðskiptaráðherra, en bankinn heyrir stjórnskipulega undir hann.

Sömuleiðis skal setja reglugerð með nánari ákvæðum um félagið og bankann. Frumvarpið er nánast sama að efni og lög Samvinnubanka og Verzlunarbanka. eru þau stuttorð og nauðsynlegt að skipa ýmsum efnum með samþykktum og reglugerð, en auk þess er, eins og áður er getið, í undirbúningi frumvarp að almennri viðskiptabankalöggjöf, sem mun, ef að lögum verður, setja tæmandi ramma um starfsemi allra viðskiptabanka.

Um 8. gr.

Rétt þykir að hafa þetta ákvæði til þess að byggja upp eigin sjóði bankans og tryggja stöðu innstæðueigenda.

Um 9. gr.

Bankanum er ætlað að annast öll venjuleg viðskiptabankastörf, eftir því sem nú tíðkast eða síðar kann að tíðkast.

Um 10. gr.

Ákvæðið er hliðstætt samsvarandi ákvæðum í öðrum bankalögum.

Um 11. gr.

Ákvæðið er algerlega hliðstætt ákvæðum í öðrum viðskiptabankalögum.

Um 12. gr.

Gildistökuákvæðið er tengt og takmarkað þeim skilyrðum, sem koma fram í 2. gr., sbr. og almennar athugasemdir hér að framan.